

## 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:  
Í stað 1952 í 3. málsgrein komi: 1954.

157

16. júlí

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 17. maí 1950 og lögum nr. 8 24. janúar 1952, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950, til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. júlí 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## AUGLÝSING

158

17. júlí

um skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í sóknir og prestaköll.

Að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur og meðmælum biskupsins yfir Íslandi, er Reykjavíkurprófastsdæmi hér með, fyrst um sinn, skipt í sóknir og prestaköll, og takmörk þeirra ákveðin sem hér segir:

### 1. Nesprestakall: Nessókn.

Sóknin nær yfir Seltjarnarnes og þann hluta lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, sem verður vestan og sunnan línu, sem dregin er frá sjó, vestan við Ánanaust, eftir miðju Hringbrautar og Melavegar (Suðurgötu) að Sturlugötu. Því næst ræður Sturlugata og framhald hennar, að gatnótum við Njarðargötu og þaðan bein lína yfir Reykjavíkurflugvöll í Skerjafjörð, austan við olíustöð h/f Shell.

### 2—3. Dómkirkjuprestakall (I og II): Dómkirkjusókn.

Sóknin nær frá mörkum Nessóknar, að línu, sem dregin væri sunnan Njarðargötu, að mótum Nönnugötu og Njarðargötu og því næst austan Nönnugötu, Óðinsgötu, Týsgötu og Klapparstígs, í sjó.

### 4—5. Hallgrímssprestakall (I. og II): Hallgrímssókn.

Sóknin nær frá mörkum Dómkirkjusóknar og Nessóknar að línu, sem dregin væri frá sjó í Rauðarárvík um Skúlatorg, austan Rauðarárstígs að Miklubraut, austan Engihlíðar, milli húsanna nr. 12 og 14 við Eskihlíð um heitavatnsgeyma á Öskjuhlið, í sjó við Nauthólsvík.

### 6. Háteigsprestakall: Háteigssókn.

Sóknin nær frá mörkum Hallgrímssóknar að línu, sem dregin væri frá Rauðarárstíg, sunnan Laugavegar að Kringlumýrarvegi, því næst austan og sunnan Kringlumýrarvegar um Öskjuhlið í heitavatnsgeymana.

### 7. Bústaðaprestakall: Bústaða- og Kópavogssóknir.

Bústaðasókn nær frá mörkum Kópavogshrepps og mörkum Hallgrímssóknar og Háteigssóknar, að Miklubraut og að Elliðaám.

Kópavogssókn nær yfir Kópavogshrepp.

### 8. Laugarnesprestakall: Laugarnessókn.

Sóknin nær frá mörkum Hallgrímssóknar, Háteigssóknar og Bústaðasóknar að línu, sem dregin væri frá Miklubraut, vestan Háaleitisvegar, Múlavegar, Kambsvegar, í sjó, vestan við Vatnagarða.

**158 9. Langholtsprestakall: Langholtssókn.**

17. júlí Sóknin nær frá mörkum Laugarnessóknar og Bústaðasóknar að sjó og Elliðaám.

*Kirkjumálaráðuneytið, 17. júlí 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**159**

21. júlí

**REGLUR****um félagsheimilið Snæfell í Breiðavíkurbreppi.****1. gr.**

Nafn félagsheimilisins er Snæfell, í Breiðavíkurbreppi, Snæfellsnessýslu.

Stærð lóðarinnar umhverfis húsið er 660 fermetrar.

Eigendur félagsheimilisins eru: Breiðavíkurbreppur og ungmennafélagið Trausti.

**2. gr.**

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: Einn maður frá ungmennafélaginu Trausta, annar úr hreppsnefnd Breiðavíkurbrepps og þriðji maðurinn kjörinn á aðalfundi eigenda. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda þjóðskjalasafninu gerðabækur þess til vörzlu.

**3. gr.**

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skyld er henni að halda fund ef  $\frac{1}{3}$  nefndarmanna æskja. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara hreppsnefnd Breiðavíkurbrepps og stjórn ungmennafélagsins Trausti. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir s. l. ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðara. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld sem stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáællun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði. Félagstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa kjörið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár. Aðalfundur kýs síðan oddamann, sbr. 2. gr.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

**4. gr.**

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. Að ráða húsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt;
- b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal um-sagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;